

AUGLÝSING

um framkvæmd skyndilokana Hafrannsóknastofnunarinnar.

1. gr.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að grípa til skyndilokana vegna skaðlegra veiða, sbr. 10.-11. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Skaðlegar teljast veiðar þegar smáfiskur í afla fer yfir þau viðmiðunarmörk sem ráðherra hefur ákveðið, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar. Sama gildir um veiðar á smáhumri, smárækju eða öðrum tegundum nytjastofna, enda hafi verið sett ákveðin viðmiðunarmörk varðandi nýtingu viðkomandi stofns. Þá teljast það ennfremur skaðlegar veiðar ef þær eru ekki í samræmi við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um hagkvæma nýtingu viðkomandi nytjastofna.

2. gr.

Hafrannsóknastofnunin skal tilkynna skyndilokun til Landhelgisgæslu Íslands og vaktstöðvar siglinga sem tilkynna þær á viðeigandi svæðum. Skulu eftirfarandi atriði koma fram í tilkynningunni:

1. Hvenær bannið tekur gildi og hve lengi það gildir.
2. Til hvaða veiðarfæra bannið tekur.
3. Mörk veiðisvæðisins.

Landhelgisgæsla Íslands og vaktstöð siglinga skal tilkynna án tafar á kallbylgjum sínum um skyndilokunina og síðan eins fljótt og við verður komið tilkynna á vinnubylgjum a.m.k. tvisvar sinnum nánar um skyndilokunina. Skulu í tilkynningu á vinnubylgju koma fram öll þau atriði er koma fram í tilkynningu til Landhelgisgæslunnar og vaktstöðvar siglinga sbr. 1. mgr.

3. gr.

Skyndilokun öðlast gildi þegar hún hefur verið tilkynnt af Landhelgisgæslu Íslands og vaktstöð siglinga á vinnubylgju sbr. 2. og 3. mgr. 2. gr.

4. gr.

Hafrannsóknastofnunin skal senda tilkynningu um skyndilokun veiðisvæðis til Ríkisútvarpsins, þar sem fram koma upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Hvenær bannið tekur gildi.
2. Til hvaða veiðarfæra bannið tekur.
3. Veiðisvæðið.

Tilkynningu um skyndilokun skal lesa í auglýsingatíma fyrir eða eftir fyrsta fréttatíma eftir að Ríkisútvarpinu berst tilkynning um skyndilokun veiðisvæðis og skal þar getið þeirra atriða sem tilgreind eru í 1. mgr.

5. gr.

Auk tilkynninga í auglýsingatíma Ríkisútvarpsins, sbr. 3. gr. skal Hafrannsóknastofnunin tilkynna Ríkisútvarpinu daglega fyrir kl. 9.30 um gildandi skyndilokanir. Í þeirri tilkynningu komi fram eftirgreind atriði varðandi hverja skyndilokun:

1. Til hvaða veiða bannið tekur.
2. Veiðisvæðið.
3. Hvenær bannið fellur úr gildi.

Skulu þessar tilkynningar lesnar á rás 1 í Ríkisútvarpinu daglega eftir morgunfréttir kl. 10.00.

Eftir að skyndilokun hefur tekið gildi skal Landhelgisgæsla Íslands og vaktstöð siglinga kalla út tilkynningu um hana annan hvern dag meðan skyndilokun er í gildi. Jafnframt skal Landhelgisgæsla Íslands og vaktstöð siglinga senda tilkynningu með NAVTEX á næsta útsendingartíma eftir útgáfu tilkynningar.

6. gr.

Upplýsingar um nánari mörk bannsvæða veitir Landhelgisgæslan og vaktstöð siglinga.

Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu skulu kappkosta eftir föngum að koma upplýsingum um skyndilokanir á framfæri til veiðiskipa, sem vitað er að halda sig nærri þeim svæðum sem banna á veiðar á, eða ætla má að séu á leið þangað til veiða.

7. gr.

Ákveða skal skyndilokun þannig að hún taki ekki gildi fyrr en veiðiskipum hefur gefist færi á að taka inn veiðarfæri sín. Skal við ákvörðun um gildistöku taka tillit til þess með hvaða veiðarfærum veiðar eru stundaðar á því svæði, sem banna á veiðar á.

8. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stöð í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 18. febrúar 2008.

F. h. r.

Steinar Ingi Matthíasson.

Þórður Eyþórsson.